



Garðabær, 24. mars 2018

Bæjarráð Garðabæjar.
b.t. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Stjarnan vill taka þátt í að gera samfélagið okkar betra!

Ágæta bæjarráð.

UMF Stjarnan langar að athuga með áhuga á sameiginlegu verkefni Stjörnunnar og Garðabæjar en um er að ræða fjölnota poka sem væru bláir merktir með skjaldamerki Garðabæjar og merki UMF Stjörnunnar.

Með þessari hugmynd vill Stjarnan stuðla að bættri umhverfisvitund og sporna við notkun einnota innkaupapoka úr plasti og er það okkar von að fjölnota pokarnir eigi eftir að koma að góðum notum á heimilum í Garðabæ.

Ætla má að Íslendingar noti um 70 milljón plastpoka á ári sem jafngildir um 200 plastpokum á mann. Flestir Íslendingar eru löngu tilbúnir til að draga úr notkun einnota burðapoka og stuðla að virkri umhverfisvernd. Það er samfélagsábyrgð að draga úr plastpokanotkun og af því verður gagnkvæmur ávinningur fyrir okkur sem samfélag og fyrir umhverfið.

Hugmyndin af framkvæmd væri að Garðabær myndi setja pening í að hanna og framleiða pokanna, Stjarnan myndi svo fá styrk til að sjá um útburð á pokunum til allra heimila í Garðabæ en það myndi stuðla að aukinni umhverfisvitund iðkenda.

Virðingarfyllst,

f.h. UMF Stjörnunnar

Ása Inga Þorsteinsdóttir, framkv.stjóri